

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 19.nóvember 2023.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma., 49. mál.

Vísað er í tölvupóst nefndarinnar þann 09.11.2023

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að útbúa tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á eftirfarandi tegundum fugla utan hefðbundins veiðitíma þeirra:

- a. álft, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökrum og túnum frá 15. mars til 15. júní,
- b. álft á kornökrum frá 1. maí til 1. október.

Leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra.

Ráðherra geri einnig stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og gæsastofna á Íslandi í samvinnu við Umhverfisstofnun og hagsmunaaðila.

Ráðherra greini Alþingi frá tillögum sínum og leggi fram skýrslu um áætlunina eigi síðar en 1. desember 2024.

Almennt.

Samkvæmt fuglatilskipun Evrópu 2009/147/EC frá 30. nóvember 2009 og Bernarsamkomulaginu er líklegast að grein 5 í tilskipuninni fjalli um ofangreint.

Article 5

Without prejudice to Articles 7 and 9, Member States shall take the requisite measures to establish a general system of protection for all species of birds referred to in Article 1, prohibiting in particular:

- (a) deliberate killing or capture by any method;*
- (b) deliberate destruction of, or damage to, their nests and eggs or removal of their nests;*
- (c) taking their eggs in the wild and keeping these eggs even if empty;*
- (d) deliberate disturbance of these birds particularly during the period of breeding and rearing, in so far as disturbance would be significant having regard to the objectives of this Directive;*
- (e) keeping birds of species the hunting and capture of which is prohibited.*

og í grein 7.

...In the case of migratory species, they shall see in particular that the species to which hunting regulations apply are not hunted during their period of reproduction or during their return to their rearing grounds.

Hinsvegjar í grein 9 er undanþáguákvæði sem tjón af völdum villtra dýra fellur undir

Article 9

1. Member States may derogate from the provisions of Articles 5 to 8, where there is no other satisfactory solution, for the following reasons:

- (a) — in the interests of public health and safety,*
- in the interests of air safety,*
 - to prevent serious damage to crops, livestock, forests, fisheries and water,*
 - for the protection of flora and fauna;*

Það er því ljóst að ofangreind þingsályktunartillaga brýtur ekki í bága við þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Reyndar er það svo að Ísland er líka aðili AEWA samningnum en þar er einmitt mikil vinna í gangi að stýra stofnstærð gæsa til koma í veg fyrir tjón.

Staða þessara stofna er mjög mismunandi hvað varðar stofnstærð en óumdeilt er að þeir geta valdið tjóni á ofangreindum tíma. Þó skal hafa í huga að aðstæður eru mismunandi eftir landshlutum og einnig eftir árum og áriferði. Líklegast er tjónið þegar mjög blautt er á vorin og gæsin rýfur upp grasrótina með grasinu en ekki bara grasið sjálf. Einnig er skítur í uppskeru vandamál. Tjón á korni er síðan meira almennt.

Heiðagæs, Anser brachyrhynchus.

Stofninn hefur vaxið gríðarlega undanfarna áratugi og telur nú um 500.000 fugla. SKOTVÍS er ekki kunnugt um neinar gróðurfarsrannsóknir á hálendi Íslands til þess að kanna hvort hún valdi þar gróðurskemmdum. Þó er þekkt frá Svalbarða að stofninn þar sé orðin það stór að farið sé að sjá á gróðri.

SKOTVÍS hefur undafarin ár hvatt sína félagsmenn til aukinna skotveiða á heiðagæs enda þólfir stofninn mun meiri veiði en nú er stunduð. Hafa félagsmenn brugðist vel við þeirri beiðni en hafa hins orðið fyrir tveimur hindrunum

1. Friðuð svæði á hálendinu sem njóta búsvæðaverndunar s.s. Þjórsárver, Eyjabakkar og Guðlaugstungur.

Vandséð er hvernig sjálfbærar veiðar geti verið ógn við búsvæðaverndun og eru stjórnvöld því hvatt til að opna þau svæði fyrir skotveiðum án tafar.

2. Lokun sveitarfélaga á veiðisvæði sem eru í þeirra eigu og selja jafnvel inn á slík svæði fyrir veiði á heiðagæs.

Hér er nærtækasta dæmið Húnaþing Vestra sem hefur lokað fyrir veiði á sínum löndum. Með því að opna fyrir slík veiðisvæði aftur mætti auka sókn í heiðagæsastofninn.

Grágæs, Anser anser.

Stofninn hefur dalað lítillega undafarið eftir mikinn vöxt. Svipuð staða kom upp um aldamótin 2000. Þá sýndu talningar frá UK að stofninn væri um 75.000 fuglar og ef veiðitölurnar frá Íslandi væru réttar þá myndi stofninn deyja út innan fimm ára. Farið var í samstarfsverkefni á milli landanna um að UK myndi sannreyna sínar talningartölur og Ísland að sannreyna sínar veiðitölur. Niðurstaðan var sú eftir árið að veiðitölur frá Íslandi væru a.m.k. 95% réttar en UK fann mun fleiri talningarstaði og ný lönd sem grágæsin hafði numið. Þá stemmdi það við veiðitölur frá Íslandi. Veiðarnar voru sjálfbærar.

SKOTVÍS óttast að vorveiðar á grágæs gætu hoggjóð skörð í stofninn. Gæsirnar eru paraðar þegar þær koma til landsins og ef önnur gæsin er skotin þá verður hin eftir og gæti orðið staðbundinn og haldið áfram að vera vandamál. SKOTVÍS mælir gegn því að grágæs yrði veidd á vorin.

Helsingi, Branta leucopsis.

Helsingjastofninn er stór og hefur varpstofn hans á Íslandi tekið mjög vel við sér. Um 3.000 varppör eru nú á Íslandi en voru bara nokkur hundruð um aldamótin. Vorveiðar á Helsingja munu líklega litlu skila nema til heildarfækkunar í stofninum, það verður því pólitísk ákvörðun.

Hinsvegar vekur SKOTVÍS athygli nefndarinnar á því að veiðitími Helsingja hefur verið skertur um 25 daga í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu í þó nokkuð mörg ár. Einfalt væri að hætta þeirri skerðingu og byrja að veiða hann 1. september líkt og lög standa til.

Athygli nefndarinnar er einnig vakin á því að rannsóknir við upptöku á ólöglega veiddum helsingjum, um 80 stk., kom í ljós að meðalþungi fuglanna var um hálfu kg minni en að hausti. Það er því eftir litlu að slægjast í vorveiði á gæsastofnum.

Áift, Cygnus cygnus.

Stofninn hefur styrkt sig gríðarlega og er eðlilegt að setja mörk á það hversu stóran stofn við getum haft án þess að bændur verði fyrir stórfelldu tjóni af hans völdum.

SKOTVÍS hefur haldið á lofti aðferðafræðinni Adaptive Harvest Management en samkvæmt henni eru stofnum sett mörk, há mörk og lág mörk. Innan aðferðafræðinnar eru skilgreindir þær breytur sem eru notaðar að áætla stofnstærð, viðkomu og afföll og skilgreindar leiðir til að bregðast við. Hvort sem eigi að fækka í stofni eða beita verndun.

Stjórnun á Íslenska hreindýrastofninum er líklegast besta dæmið um þá aðferðafræði. SKOTVÍS mælir með að þeirri aðferð verði beitt hér.

SKOTVÍS vekur einnig athygli nefndarinnar á fyrirkomulaginu í Svíþjóð. Þar gera Sænska skotveiðisambandið og Sænska ríkið mér sér samning um ýmislegt sem viðkemur veiðum. Sænska skotveiðisambandið sér þá um skipulagningu á skotvopna- og veiðinámskeiðum, kennslu á þeim og námsefni. Prófin sjálf sér ríkið um en sambandið leggur þau fyrir nemendur og skilar til ríkisins. Sambandið sér einnig um umsjón og skipulagningu elgsveiða, aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón af völdum framandi lífvera(mink) og fleira.

Þannig mætti hugsa sér svipaðan samning hér á landi þar sem SKOTVÍS myndi sjá um aðgerðir til að fækka í álfstafstofninum og skila skýrslum til opinberra yfirvalda.

Virðingarfyllt, Stjórn SKOTVÍS